

Mættir: Valgerður Jónsdóttir, Jonas Björk, Brynhildur Bjarnadóttir, Heiðdís Fjöla Pétursdóttir, Lilja Rögnvaldsdóttir og Sigurður Eiríksson.

Heildstæður skóladagur:

Hrund skólastjóri mætti á fundinn og kynnti stefnu um heildstæðan skóladag. Skóli mun lengjast um 2 tíma tvisvar í viku og lagt er til að í þessum tímum verði boðið uppá íþrótt- og tómstundastarf. Stjórn sammála um að taka þátt í verkefninu. Nánar verður fjallað um þetta mál á íbúafundi þann 6. maí næstkomandi.

Búningamál:

Gengið frá auglýsingu í sveitapóst þar sem búningar verða auglýstir. Verð á búningum eru sem hér segir:

Keppnisgalli (treyja, stuttbuxur og sokkar): 5.500 kr

UMSE gallar m/kraga: barnastærðir kr 7.500, fullorðinsstærðir kr 8.500

UMSE gallar m/hettu: barnastærðir kr 8.500, fullorðinsstærðir kr 9.500

Stakur hettujakki kr 5.500 og stakar buxur kr 4.000

Landsmótssjóður:

Ákveðið að senda inn umsókn og sækja um ákveðna upphæð. Formanni og gjaldkera falið að setja saman drög að umsókn.

Skipan í nefndir UMSE:

Borist hefur erindi frá UMSE um skipan í ýmsar nefndir. Stjórnin tilnefnir nokkra einstaklinga í ólíkum íþróttgreinum og sendir til UMSE.

Opinn dagur hjá sveitinni 25. apríl:

Farið yfir skipulag dagsins, dagskrá frá kl 11-14. Lilja býður uppá andlitsmálningu frá kl 10.30 og Ódi verður með ratleik eða bolta-bolta. Valgerður, Heiðdís og Jonas mæta, ásamt Lilju sem malar. Teknar niður pantanir á göllum og seldar úlpur auk þess sem sumarstundaskrá félagsins verður kynnt.

Stundaskrá sumarsins 2013:

Boðið verður uppá fótbolta, frjálsar og opna tíma í badminton í íþróttahúsinu. Einnig verður boðið uppá hjólatúra. Siggi setur upp drög að stundaskrá eftir að hafa heyrt í þjálfurum.

Handverkshátíð:

Rætt um aðkomu Samherja að veitingasölu og grilli á Handverkshátíð.